



Efling og þróun dagdvala á landsvísu

Skýrsla starfshóps

Skjal sótt af '000000000000' dags: 24.03 2026

Útgefandi:

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Efning og þróun dagdvala landsvísu, skýrsla starfshóps

Mars 2025

frn@frn.is

www.frn.is

Umbrot og textavinnsla:

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

©2025 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

ISBN 978-9935-513-35-9

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
1.1 Verkefni samkvæmt skipunarbréfi.....	5
1.2 Helstu niðurstöður	5
2. Núverandi skilgreining á hlutverki dagdvala	7
2.1 Núverandi viðmið um fjölda rýma.....	8
2.2 Núverandi greiðslufyrirkomulag.....	8
2.3 Núverandi mat og forgangsröðun.....	10
3. Niðurstöður og tillögur	11
3.1 Skilgreining og hlutverk dagdvala	11
3.2 Viðmið um fjölda rýma.....	14
3.3 Nýtt greiðslufyrirkomulag.....	14
3.4 Umsókn, mat og forgangsröðun.....	17
3.5 Nýtt nafn fyrir dagdvalir	17
4. Fylgiskjal 1.....	18

Töfluskrá

Tafla 1: Fjöldi dagdvala með samning eða án samnings.....	9
Tafla 2: Daggjöld í dagdvöl uppreiknuð frá og með 1. janúar 2025.....	9
Tafla 3: Skilgreiningar á undirflokkum dagþjónustu	13
Tafla 4: Breytingar á daggjöldum	16
Tafla 5: Yfirlit yfir dagdvalir	20

1. Inngangur

Í október 2024 skipaði páverandi heilbrigðisráðherra starfshóp um aðgerð A.3 sem fjallar um eflingu og þróun dagdvala á landsvísu, og er hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda um þjónustu við eldra fólk 2023-2027, Gott að eldast.

Markmið aðgerðar A.3. er að fleiri eigi kost á þjónustu dagdvala með áherslu á skilgreint og öflugt samstarf á milli dagdvala og heimaþjónustu. Einnig að þjónusta dagdvala komi eins vel og kostur er til móts við þarfir eldra fólks sem býr heima og fjölskyldur þess og þannig seinka, eins og unnt er, þörf fyrir flutning á hjúkrunarheimili. Þá er horft til þess að í árslok 2027 verði minnst 100 dagdvalarrými sem flokkist sem sveigjanleg dagdvalarrými.

[Gott að eldast](#), er aðgerðaáætlun stjórnvalda vegna áranna 2024-2027 um þjónustu við eldra fólk, sem samþykkt var á Alþingi þann 10. maí 2023. Alls telur hún 19 aðgerðir sem eru ýmist á ábyrgð heilbrigðisráðuneytisins eða félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins sem standa saman að aðgerðaáætluninni.

Starfshópurinn var skipaður eftirfarandi fólki:

- Þóra B. Hreinsdóttir, fulltrúi Gott að eldast, formaður hópsins
- Stefán Jóhannsson, tilnefndur af Sjúkratryggingum Íslands
- Sigurjón Norberg Kjærnested, tilnefndur af Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)
- Hrönn Ljótisdóttir, tilnefnd af Landspítala, félagsráðgjafasviði
- Lilja Petra Ólafsdóttir, tilnefnd af velferðarsviði Reykjavíkurborgar, heimaþjónustu
- Berglind Magnúsdóttir, fulltrúi Gott að eldast
- Elsa B. Friðfinnsdóttir, án tilnefningar.

Starfsmaður hópsins var Herdís Björnsdóttir, fulltrúi Gott að eldast.

Starfshópurinn fundaði alls níu sinnum á tímabilinu nóvember 2024 til mars 2025.

Ríkisstjórnarskipti fóru fram á starfstíma starfshópsins og breytingar á skipan ráðuneyta og verkefnum þeirra. Meðal breytinga verður tilfærsla á málaflokkum sem varða öldrunarþjónustu frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og húsnæðismálaráðuneytis. Í þingsályktun sem nú liggur fyrir Alþingi segir „Heilbrigðisþjónusta við hruma og veika aldraða verður áfram í heilbrigðisráðuneyti en stjórnarmálefni sem snúa að opinni öldrunarþjónustu verða í félags- og húsnæðismálaráðuneytinu.“ Stöðumati var af þeim ástæðum skilað til félags- og húsnæðismálaráðherra dags. 30. janúar 2025.

Ráðherra gerði ekki athugasemdir við stöðumatið og óskaði eftir að hópurinn skili tillögum sínum samkvæmt upprunalegu erindisbréfi. Kynna þarf heilbrigðisráðherra efni skýrslunnar þar sem sérhæfð dagdvalarrými munu heyra undir heilbrigðisráðuneytið samkvæmt nýjustu upplýsingum.

1.1 Verkefni samkvæmt skipunarbréfi

- a. Koma með tillögur um endurskilgreiningu á hlutverki og markmiðum með þjónustu dagdvala þannig að úrræðið styðji betur við þarfir fólks sem býr heima.
- b. Greina og leggja fram gögn um hver þörfin er fyrir dagdvalarrými (almenn og sérhæfð) og hver þörfin er fyrir lengdan og/eða sveigjanlegan opnunartíma dagdvala. Á grunni slíkrar greiningar verði unnið að gerð samninga um sveigjanlegar dagdvalir um land allt.
- c. Koma með tillögu um greiðslupátttöku þeirra sem nýta sér þjónustu dagdvala.
- d. Koma með tillögu um hvaða matstæki eigi að nota til að meta þörf eldra fólks fyrir dagdvöl, meta framvindu og hvernig forgangi skuli háttað. Einnig ferla beiðna, þátt heimaþjónustu í mati og hvernig er hægt að gera ferlið stafrænt.
- e. Leggja til nýtt heiti yfir dagdvalir, sem feli í sér virkni og verði hvetjandi fyrir aldraða að nýta þjónustuna.

Til að rýna betur viðfangsefnið var leitað eftir sjónarmiðum stjórnenda dagdvala um land allt auk þess sem bakhópur á vegum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) um dagdvalir skilaði skriflegum athugasemdum. Stuðst var við gögn úr heimsóknnum starfsfólks Gott að eldast teymis í dagdvalir á höfuðborgarsvæðinu og völdum dagdvölum á landsbyggðinni í ágúst og september 2024.

1.2 Helstu niðurstöður

1. Dagdvalir verði skilgreindar sem stuðningsúrræði fyrir þá sem búa heima en þurfa á nær daglegu eftirliti og stuðningi að halda, andlega, líkamlega og félagslega og skilgreinist sem heilbrigðisþjónusta. Umsóknir og mat verði með sama hætti og stefnt er að varðandi alla heimaþjónustu, með þverfaglegu teymi og sama samræmda matstæki.
2. Vegna ólíkra tegunda dagdvala er lagt til að orðið „Dagþjónusta“ verði yfirheiti og skilgreiningar meðal annars hvað stigun þjónustu,

greiðslufyrirkomulag og ábyrgð ríkis og sveitarfélaga liggi skýrt fyrir. Til að kynna dagdvalir betur og gera þær eftirsóknarverðari er lagt til að samkeppni verði um nýtt nafn sem beri með sér virðingu fyrir gestum.

3. Nýtt kostnaðar- og greiðslufyrirkomulag verði tekið í notkun með það að markmiði að hækka daggjöld til rekstraraðila þannig að hægt sé að veita þjónustu sem styður við búsetu heima, viðhaldur virkni og dregur úr heilsufarslegum vandamálum. Hlutur gesta verði hækkaður þ.a. þeir greiði t.d. nokkurs konar fæðisgjald. Þannig yrði jafnræðis gætt við þá sem búa heima og nýta ekki dagdvöl. Ný skilgreining verði gerð á hver kostnaðarhlutdeild ríkis og sveitarfélags verði.
4. Einfaldað verði hvernig sótt er um dagdvöl eða með sama hætti og nú er unnið að varðandi heimaþjónustu. Sama umsóknarblað verði notað fyrir alla þjónustu sem veitt er eldra fólki í heimahúsi og aðgengilegt frá Ísland.is. Matsteymi heimaþjónusta meti hverjir fari á biðlista í samráði við stjórnendur dagdvala. Þannig verði reynt að tryggja að réttur hópur nýti dagdvalir og samfella og samvinna verði með heimaþjónustu.
5. Unnið verði að bættri stafvæðingu úrræðis m.a. hvað varðar umsóknir, biðlista, öflun tölfraðilegra gagna og upplýsinga milli þjónustuaðila innan þeirrar vinnu sem nú er í gangi hjá Gott að eldast undir nafninu “stafvæðing þjónustukeðju eldra fólks”.

2. Núverandi skilgreining á hlutverki dagdvala

Í lögum um málefni aldraðra er kveðið á um dagdvöl aldraðra en í ýmsum skýrslum og daglegu tali er talað um dagþjálfun. Í þessari skýrslu verður notast við nafnið dagdvöl. Í 13. grein laga um málefni aldraðra segir að dagdvöl aldraðra sé stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í 3. gr. reglugerðar um dagdvöl aldraðra segir að stjórnendur dagdvalar ákvarði hverjir eiga rétt til dvalar í dagdvöl. Jafnframt segir í 4. gr. sömu reglugerðar að veita skuli hjúkrunarþjónustu og aðstaða til þjálfunar og læknisþjónustu eigi að vera til staðar. Boðið skal upp á mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Enn fremur skal boðið upp á aðstöðu til létttra líkamsæfinga, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun. Boðið skal upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins. Almenn er opnunartími virkir dagar frá 8:00-16:00.

Alls eru nú reknar tvær tegundir dagdvala með þremur undirheitum.

- **Almenn dagdvöl:** Stuðningsúrræði fyrir aldraða sem þurfa eftirlit, umönnun og stuðning til að geta búið heima. Markmiðið er að bæta heilsu og velferð einstaklingsins, hámarka sjálfsbjargarhæfni, auka félagslega virkni og draga úr þörf fyrir læknisfræðileg inngrip og innlagnir á sjúkrahús.
- **Sérhæfð dagdvöl:** Viðbótarþjónusta við almenna dagdvöl fyrir einstaklinga, annars vegar með skerta færni sem krefst einstaklingsmiðaðrar endurhæfingar til skamms tíma. Hins vegar einstaklinga sem þurfa sérstakt eftirlit, umsjón og stuðning til að takast á við verkefni sem fylgja því að lifa með heilabilunarsjúkdóm.
 - Dagdvöl með endurhæfingu
 - Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilunarsjúkdóm

Þar sem því er viðkomið eru sérstakar dagdvalir fyrir einstaklinga með heilabilun reknar sem séreining. Þetta á eingöngu við um höfuðborgarsvæðið í dag. Á landsbyggðinni eru dagdvalir oft blandaðar, það er bæði almenn dagdvalarrými og sérhæfð.

Sveigjanleg dagdvöl er nafn sem vísar til þess að opnunartími sé sveigjanlegri og er um tiltölulega nýja útfærslu að ræða. Gerðir hafa verið tveir samningar um sveigjanlega dagdvöl, á Akureyri og í Fjallabyggð. Í aðgerðaáætlun Gott að eldast er sérstaklega kveðið á um að fjölga sveigjanlegum dagdvalarrýmum og hafa verið gerðir tveir þróunarsamningar í Mosfellsbæ og Fjarðabyggð til að kanna

ólíkar útfærslur sveigjanlegra dagdvala til að safna enn frekari upplýsingum um gagnlegar leiðir og möguleika.

2.1 Núverandi viðmið um fjölda rýma

Ekki liggja fyrir, opinber skilgreind fjöldaviðmið, vegna almennra dagdvalarrýma heldur hefur verið stuðst við rauntölur um fjölda rýma per fjölda einstaklinga 67 ára og eldri í hverju heilbrigðisumdæmi, á ákveðnum tilteknum tíma. Svokölluð punktstaða. Þeir útreikningar gera ráð fyrir einu rými á hverja 100 íbúa 67 ára og eldri í sveitarfélaginu. Hvað sérhæfð dagdvalarrými fyrir fólk með heilabilun varðar, er stuðst við sömu fyrirliggjandi gögn og er viðmiðið fyrir sérhæfð rými eitt rými á hverja 150 einstaklinga 67 ára og eldri í sveitarfélaginu. Aðgerðaáætlun um þjónustu við einstaklinga með heilabilun sem unnin var af heilbrigðisráðuneytinu kom út árið 2020 og byggir á stefnuþröngum í málefnum fólks með heilabilun, unnin af Jóni Snædal, öldrunarlækni. Í aðgerð 4.2 um sérhæfð dagþjálfunarrými fyrir einstaklinga með heilabilun, segir „HRN ákveður staðsetningu og fjölda sérhæfðra dagþjálfunarrýma á landsvísu út frá metinni þörf, í samráði við heilabilunardeild LSH. Þörf er endurmetin út frá nýjum gagnagrunni um heilabilun (sjá 6.1.1)“. Þar sem gagnagrunnur er ekki tilbúinn er þessari aðgerð ekki lokið. Hópurinn kannaði nýtingu dagdvala út frá upplýsingum frá Sjúkratryggingum til að kanna hvort þær gætu varpað ljósi á þörfina. Nýting var frá 30%-99% og þar sem við rýni kom í ljós að ástæður væru margbreytilegar taldi hópurinn ekki hægt að nýta þau gögn til að segja til um áætlaða þörf.

2.2 Núverandi greiðslufyrirkomulag

Alls eru í gildi 11 samningar um þjónustu í dagdvölum sem Sjúkratryggingar gera við ólíka rekstraaðila, með mismunandi gildistíma. Rekstraraðilar dagdvala eru ýmist hjúkrunarheimili, heilbrigðisstofnanir, sveitarfélög, félagasamtök eða sjálfseignastofnanir. Þrír samningar eru eingöngu um almenna dagdvalarþjónustu, þrír eingöngu um sérhæfða dagdvalarþjónustu (endurhæfing og/eða fyrir fólk með heilabilun) og fimm þar sem samningur er um bæði almenna og sérhæfða dagdvalarþjónustu. Auk þess greiða sjúkratryggingar fyrir dagdvöl aldraðra á vegum stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum og eru án samnings um verð við Sjúkratryggingar, (sjá töflu 1). Alls eru 580 dagdvalarrými sem greitt er fyrir skv. gjaldskrá, rekin af 33 aðilum. Alls voru dagdvalarrými á landinu öllu í árslok 2024 830 og þarf af 595 á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 1: Fjöldi dagdvala með samning eða án samnings

	Almennar dagdvalir	Sérhæfðar dagdvalir	Blandaðar dagdvalir
Með samning	3	3	5
Án samnings	19	7	7
Samtals	22	10	12

Sveitarfélögum ber að sjá um húsnæði fyrir dagdvalir, annað hvort í eigu sveitarfélags eða greiða fyrir leigu. Þetta á þó ekki við þar sem dagdvöl er rekin inni í húsnæði sem skilgreinist sem rými fyrir hjúkrunarheimili eða sem hluti af heilbrigðisstofnun. Telja má að lagalegur óskýrleiki sé til staðar, þar sem sum sveitarfélög telja þessa túlkun ekki skýra. Fjármagn vegna dagdvala skiptast því í þrennt, húsnæði sem sveitarfélög greiða, þjónustu sem Sjúkratryggingar greiða og þjónustugjald sem einstaklingur greiðir.

Í töflu 2. kemur fram hver heildardaggjöld eru eftir tegundum dagdvala og hver hlutur Sjúkratrygginga og notanda er.

Tafla 2: Daggjöld í dagdvöl uppreiknuð frá og með 1. janúar 2025

Tegundir dagdvala	Heild	Hluti SÍ	Hluti notanda
Almenn dagdvöl	10.386 kr.	8.767 kr.	1.619 kr.
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	22.817 kr.	21.198 kr.	1.619 kr.
Almenn sérhæfð dagdvöl (Múlabær)	14.849 kr.	13.230 kr.	1.619 kr.
Dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu (Hrafnista)	28.536 kr.	26.917 kr.	1.619 kr.
Almenn sérhæfð dagdvöl (MS setrið)	10.631 kr.	9.012 kr.	1.619 kr.
Dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu (Seltjörn)	22.817 kr.	21.198 kr.	1.619 kr.
Húsnæðisgjald	532 kr.	532 kr.	1.619 kr.

Hópurinn skoðaði einnig rekstrarskilyrði dagdvala. Sem hluti af gögnum var greinargerð sem unnin var fyrir SFV og hópurinn fékk kynningu á, en þar kemur m.a. fram að íþyngjandi kostnaður felist í akstri og húsnæðiskostnaði.

2.3 Núverandi mat og forgangsöröðun

Beiðnir um dagdvöl koma frá einstaklingum, heilsugæslu, sjúkrahúsum og í fáum tilfellum heimaþjónustu. Einhverjar dagdvalir eru með umsóknarblað á heimasíðu en mismunandi er hvernig sótt er um og hvernig umsókn um dagdvöl berst. Ekki er um samræmt mat að ræða milli dagdvala og ekki eru til gögn um hvort og þá hvaða mat verið er að nota. Stjórnendur hvernar dagdvalar taka ákvörðun um hverjir eiga rétt til dvalar í dagdvöl og er það í samræmi við reglugerð um dagdvöl. Ákvörðun um hvaða gögnum er óskað eftir, samþykkt eða höfnun umsóknar og hvernig forgangi er háttað er því alfarið á ábyrgð hvers og eins stjórnanda. Yfirlit um þá sem óska eftir að komast í dagdvöl (oft kallað biðlisti) er vistaður með ólíkum hætti hjá hverjum og einum stjórnanda. Engin samræming er á milli staða og þannig geta einstaklingar verið á fleiri en einum biðlista. Af þeim sökum eru ekki til nákvæmar upplýsingar um fjölda einstaklinga á bið eftir dagdvöl. Ekki er vitað til að biðlistar hafi verið samkeyrðir né liggja fyrir tölfræðiupplýsingar um hvort einstaklingar sem sækja dagdvöl séu einnig að fá heimaþjónustu eða öfugt. Eina undantekningin er varðandi biðlista efir sérhæfðri dagdvöl fyrir fólk með heilabilun á höfuðborgarsvæðinu sem Landspítali heldur utan um.

3. Niðurstöður og tillögur

3.1 Skilgreining og hlutverk dagdvala

Almenn dagdvöl, eins og þær sem eru reknar í dag, verði að vera skilgreindar sem sérhæfð dagdvöl með virkni og/eða sveigjanleika. Slík dagdvöl þjóni bæði hlutverki alhliða forvarnar- og stuðningsúrræðis með skilgreindri heilbrigðisþjónustu. Heildaryfirsýn yfir þarfir og líðan gesta verði tryggð og boðið verði upp á einstaklingsmiðaða virkni.

Tillaga 1. Reglugerð um dagdvalir verði endurskoðuð og skal horft til þess að áhersla sé á heildaryfirsýn yfir líkamlegar, andlegar og félagslegar þarfir og líðan gesta. Einnig skal horft til þess að verkefni sem vel er hægt að sinna innan dagdvala og dregur úr aðkomu heimaþjónustu, séu skilgreind í reglugerð. Skilgreining á heilbrigðisþjónustu taki til þess að hægt sé að draga úr og/eða bregðast við heilsubresti með aðkomu heilbrigðisstarfsfólks. Í framhaldi af reglugerðarbreytingu verði unnin ný kröfulýsing, hún kostnaðargreind og framlagi ríkisins, sveitarfélaga og greiðslum þjónustunotenda breytt með tilliti til þeirrar greiningar.

Dagdvalir verða að vera skilgreindari hluti af þjónustukeðju eldra fólks sem býr heima. Þetta þarf samstarf milli heimaþjónustu og dagdvala. Skráning verði með þeim hætti að keðjan tengist, þ.e. að einstaklingurinn falli ekki á milli ef eitthvað er að eða í uppsiglingu varðandi heilsufar eða aðra þætti. Til þess að svo geti orðið er mikilvægt að hægt sé að sækja um dagdvalarþjónustu með sama hætti og þegar sótt er um heimaþjónustu (heimahjúkrun og heimastuðningur/stuðningsþjónusta) í gegnum island.is (aðrar leiðir einnig í boði) þar sem ein einföld umsókn leiðir íbúa áfram og svar við umsókn komi fljótt. Sama fyrirkomulag verði fyrir allt landið.

Tillaga 2. Umsókn um dagdvalarþjónustu verði sama umsóknarblað og þegar sótt er um heimaþjónustu og vinna við stafvæðingu dagdvala verði hluti af vinnu Gott að eldast sem kallast „stafvæðing þjónustukeðju eldra fólks“.

Þar sem því er viðkomið verði einstaklingi boðin dagdvöl í sínu nánasta umhverfi, með því er dregið úr löngum akstri sökum umferðar og fjarlægðar. Einnig skapast með hverfaskipulagningu meiri samvinna milli heimaþjónustu og stjórnanda tiltekinnar dagdvalar sem m.a. auðveldar að veita sérhæfða heimahjúkrun inn í dagdvölina.

Notað verði samræmt mat á færni, WHODAS¹, á landsvísu og umsókn metin af móttöku- og matsteymi² hvers þjónustusvæðis/sveitarfélags með sama hætti og þegar heimaþjónusta er metin. Stjórnandi dagdvala kemur einnig að matinu enda gert ráð fyrir meiri samvinnu milli aðila en nú er. Þetta tryggir að umsóknarferlið verði einfaldara, aðgengilegra og gefur einnig möguleika á að biðlisti um dagdvalir á öllu landinu verði miðlægur, sem gefur aukna yfirsýn á stöðu biðlista á landsvísu.

Tillaga 3. Byrjað verði að nota WHODAS til að meta þá sem þurfa á dagdvöl að halda á þeim svæðum sem taka þátt í þróunarverkefnum um samþætta heimaþjónustu. Reynsla af því verði nýtt til að innleiða síðar verklagið fyrir allt landið. Gera þarf breytingar á reglugerð á þann veg að það séu ekki stjórnendur dagdvala sem ákvarði hverjir eigi rétt á rými í dagdvöl, heldur að fyrir liggi niðurstaða samræmds matstækis og aðkoma matsteymis tiltekins svæðis.

Þeir sem þurfa á dagdvöl að halda er ólíkur hópur og því eðlilegt að ákveðin stigun sé á þjónustu, lítið utanumhald og upp í mikið utanumhald. Sveitarfélög reka í dag, almennt félagsstarf þar sem fólk kemur og fer og þarf ekki að skrá sig. Víða eru það félög eldri borgara sem sjá um opið félagsstarf fyrir sveitarfélög. Auðveldlega ætti að vera hægt að koma fyrir félagsstarfi með meira utanumhald af hálfu sveitarfélaga.

Tillaga 4. Sveitarfélög reki sem hluta af almennu lögbundnu félagsstarfi, félagsstarf með stuðningi, sem hefði fyrst og fremst forvarnarmarkmið og væri ætlað að draga úr félagslegri einangrun og vinna gegn einmanaleika. Sveitarfélag beri húsnæðiskostað fyrir þá starfsemi. Auk þess telur hópurinn að í ljósi breytinga á verkefnum tengdum málaflokknum á milli ráðuneyta sé nauðsynlegt að skilgreina betur þær tegundir sem eru og/eða ættu að vera.

¹ Er sjálfsmatskvarði sem byggist á almennum spurningalista til að meta færni og skerðingu á færni fólks síðustu 30 daga. Niðurstaðan gefur vísbendingar um þörf fyrir þjónustu og hvaða vandi sé til staðar. Miðstöð í öldrunarfræðum mun vinna að próffræðilegum þáttum WHODAS og þar með viðmiðum.

² Umsóknir um heimaþjónustu berast í gegnum eina þjónustugátt. Beiðnir fyrir þjónustu eru metnar og komið í farveg af móttöku- og matsteymi sem er þverfaglegt en í því eru fulltrúar heimahjúkrunar, heimastuðnings og heima-endurhæfingar. Fyrirkomulag unnið í tengslum við þróunarverkefni samþættrar heimaþjónustu.

Tillaga 5. Lagt er til að dagþjónusta verði yfirheiti með eftirfarandi undirflokkum, sbr. tafla 3.

Tafla 3: Skilgreiningar á undirflokkum dagþjónustu

Tegundir dagþjónustu	Skilgreining
Félagsstarf eldra fólks	Rekið af sveitarfélagi samkvæmt lögum um félagsþjónustu. Opin dagskrá og fólk kemur og fer á eigin ábyrgð. Fjármagnað af sveitarfélagi.
Félagsstarf eldra fólks með stuðningi	Nýtt Rekið af sveitarfélagi samkvæmt lögum um félagsþjónustu. Fólk skráir sig í tiltekna daga á viku, er í mataráskrift og er tryggður akstur sem er rekinn af sveitarfélagi ef þörf er á. Fjármagnað af sveitarfélagi, með hugsanlegum stuðningi frá félags- og húsnæðismálaráðuneyti. Eftirlit af hálfu gæða og eftirlitsstofnunar velferðarmála/ félags og húsnæðismálaráðuneytið
Sérhæfð dagdvöl með virkni og eða sveigjanleika (áður almenn dagdvöl)	Alhliða eftirlit og stuðningur við líkamlegt, félagslegt og andlegt heilbrigði einstaklings. Þar er veitt sú heilbrigðisþjónusta sem þörf er fyrir og í samræmi við kröfulýsingu Sjúkratrygginga. Fjármagnað með daggjöldum frá Sjúkratryggingum. Eftirlit af hálfu embætti landlæknis/heilbrigðisráðuneytið
Sérhæfð dagdvöl fyrir fólk með heilabilun	Fyrir liggi greining um heilabilun. Fjármagnað með daggjöldum frá Sjúkratryggingum. Eftirlit af hálfu embætti landlæknis/heilbrigðisráðuneytið
Sérhæfð dagdvöl með endurhæfingu	Heilbrigðisendurhæfing sem hefur upphaf og endi og er veitt í samræmi við kröfulýsingu Sjúkratrygginga. Fjármagnað með daggjöldum frá Sjúkratryggingum. Eftirlit af hálfu embætti landlæknis /heilbrigðisráðuneytið

Með breytingum á málaflokki milli ráðuneyta hvað flutning ákveðinna tegunda dagdvala varðar, er mikilvægt að einfalda ábyrgð milli ríkis og sveitarfélags í takt

við nýjar áherslur ríkisstjórnar. Með nýju yfirheiti og nýju úrræði „félagsstarf með stuðningi“ er stuðlað að því að veitt sé rétt þjónusta á réttum stað þannig að þeir sem eru metnir í þörf fyrir létta dagþjónustu verði vísað í félagsstarf með stuðningi og þeir sem eru í frekari þörf í sérhæfða virkni dagdvöl er vísað í sérhæfða dagdvöl.

Tillaga 6. Gera nýja kröfulýsingu um dagdvalarþjónustu í ljósi breytinga á forsetaúrskurði.

Tillaga 7. Félags- og húsnæðismálaráðuneytið vinni með sveitarfélögum að útfærslu og fjármögnun dagþjónustu sem fellur undir félagsstarf með stuðningi.

3.2 Viðmið um fjölda rýma

Til þess að hægt sé að leggja mat á hver hópurinn er sem nýtir dagdvalir er mikilvægt að upplýsingar um nýtingu séu tengdar kennitölu. Slík gögn eru send frá dagdvölum til Sjúkratrygginga á tilteknu skjali. Nauðsynlegt er að horfa til þess að sambærilegt kerfi sé notað líkt og fyrir þá sem eru í hjúkrunarrými.

Tillaga 8. Lagt til að Sjúkratryggingum verði falið að kalla eftir biðlistum allra dagdvala á landinu til samkeyrslu og frekari upplýsinga um hópinn. Með slíkri einskiptis aðgerð næst yfirsýn yfir hver raunstaðan er á landsvísu sem auk þess nýtist við gerð samræmds biðlista.

Tillaga 9. Horfið verði frá því að skilgreina ákveðinn fjölda rýma í almennum dagdvölum sem sértæk rými fyrir einstaklinga með heilabilun. Með hækkuðum daggjöldum sé horft til þess að þjónustan sem veitt er geti uppfyllt betur einstaklingsmiðaðar þarfir. Þetta á sérstaklega við á höfuðborgarsvæðinu þar sem líka eru reknar sértækar dagdvalir fyrir einstaklinga með heilabilun. Í þeim tilfellum þegar stjórnandi dagdvalar telur þjónustu við einstakling kalla á viðbótarkostnað verði hægt að sækja um hærra daggjald úr svokölluðum „potti“. Einnig verði sami pottur notaður til að sækja um tímabundna aukningu á rýmum. Unnið verði að útfærslu varðandi verklag og upphæðir daggjalda í samráði við hagaðila.

3.3 Nýtt greiðslufyrirkomulag

Gera verði breytingar á daggjöldum með þeim hætti að hækka daggjöld frá ríkinu, greiðsluþátttöku einstaklings og skilgreina þátt sveitarfélaga í daggjöldum. Hópurinn hafði til hliðsjónar við ákvörðun um æskilegt daggjald rekstur Múlabæjar í ljósi þess að endurtekið hefur komið fram í umræðum og gögnum að „allar dagdvalir eigi að vera eins og Múlabær“.

Þar sem kostnaðarhagkvæmni og rekstrarskilyrði snúa að því að auka samvinnu ríkis, sveitarfélaga og notenda, þarf að skoða með markvissum hætti hvernig

endurgjald og kostnaðarhlutdeild allra aðila geta tryggt sjálfbærni. Húsnæðismál og aksturskostnaður eru lykilatriði í því að ná þessu markmiði. Einnig telur hópurinn að skoða þurfi greiðslu til dagdvala vegna þeirra einstaklinga sem skráðir eru og gert er ráð fyrir í dagdvöl en af einhverjum ástæðum geta ekki nýtt hana í tiltekinn tíma og þannig verði dagdvölin af greiðslum sem þó eru áætlaðar í rekstrarmódeli.

Tillaga 10. Hópurinn hefur skoðað mögulegar breytingar á daggjöldum og tekið í því sambandi mið af upphæð heildardaggjalda í Múlabæ, en samhliða breytingum á daggjöldum þarf að samræma kröfur til þjónustunnar og aðstöðu. Sjá dæmi um kostnaðarskiptingu í töflu 3.

Hópurinn telur að kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélags eigi að vera með þeim hætti að greiðslur vegna húsnæðis sé á hendi ríkisins eins og stefnt er að varðandi hjúkrunarheimili, en kostnaður vegna akstur til og frá dagdvöl sé á hendi sveitarfélaga með tilvísan til annarrar aksturþjónustu sveitarfélaga.

Tillaga 11. Starfshópurinn leggur til að samhlið umræðu ríkis og sveitarfélaga í Jónsmessunefnd um kostnaðarskiptingu aðila vegna uppbyggingar hjúkrunarheimila, verði hlutdeild hvors aðila fyrir sig varðandi dagdvalir skoðaðar með sambærilegum hætti. Í framhaldi verði gerðar breytingar í viðeigandi lögum og reglugerðum.

Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum hefur verið afgangur af fjárheimildum til dagdvalarþjónustu á fjárlögum og helst það í hendur við nýtingatölur sem fengnar voru frá stofnuninni. Nýting er á fáum stöðum yfir 100% og algengast að nýting sé um 90-95%. Margvíslegar ástæður geta legið að baki þess að ekki sé hægt að nýta dagdvalir 100% s.s. að einstaklingar fara á sjúkrahús, í hvíldarinnlagnir og ferðir erlendis á eigin vegum svo dæmi séu tekin. Slíkt gerir rekstrarformið erfitt því ekki allar dagdvalir hafa tök á að yfirbóka vegna húsnæðis og mannafla.

Af þessum ástæðum þarf að gera skuldbindingu notandans skýrari og einnig þarf að skoða að einstaklingar geti nýtt sér dagdvölinu þrátt fyrir að vera í hvíldarinnlög og/eða öðrum úrræðum. Tryggja þarf að rekstraraðili fái þá greiðslur samkvæmt því. Horft verði til þess að einstaklingur greiði fyrir þá daga sem hann á skráða þrátt fyrir t.d. ferðir erlendis eða aðra tímabundna fjarveru. Slíkt fyrirkomulag tryggir betri rekstrargrundvöll og myndi einnig búa til meiri helgun og hvata fyrir einstaklinginn að mæta.

Tillaga 12. Lagt er til svipað fyrirkomulag og er í samningi sjúkratrygginga við MS setrið þar sem 50% daggjaldsins er greitt sem fastagjald óháð nýtingu til að styrkja rekstrargrunn og koma til móts við fjarveru gesta vegna

sjúkrahúslegu, hvíldarinnlagna eða álíkra ástæðna. Hin 50% verða greidd samkvæmt nýtingu.

Gæta þarf þess að kostnaðarhlutdeild einstaklings sé sanngjörn og taki m.a. mið af þeim fæðiskostnaði sem ella hefði komið til ef keyptur væri matur til neyslu á eigin heimili.

- Tillaga 13.** Hópurinn leggur til að breytingar á innheimtu vegna hlutdeildar einstaklingsins í kostnaði dagdvala verði unnin samhliða sambærilegri breytingu á innheimtu á kostnaðarþátttöku íbúa á hjúkrunarheimilum, sbr. Skýrslu starfshóps um endurskoðun á mats- og greiðslukerfi hjúkrunarheimila frá desember 2023. Hér að neðan í töflu 4. er dæmi um hvernig breytingar á greiðsluþátttöku hvers aðila geta litið út.
- Tillaga 14.** Þar til þeirri vinnu sem hópurinn leggur til í tillögu 1. verður lokið leggur hópurinn til að greiðslur fyrir dagdvalir verði eftirfarandi sbr. tafla 4.

Tafla 4: Breytingar á daggjöldum

Núverandi heildardaggjald alm. dagdvala	Hluti ríkis	Hluti einstaklings	Hluti sveitarfélags
10.386 kr.	8.767 kr.	1619 kr. ³	0 kr.
Núverandi heildardaggjald alm. sérhæfð í Múlabæ	Ríkisgreiðsla	Hluti einstaklings	Hlutur sveitarfélaga
14.849 kr. ⁴	13.230 kr.	1.619 kr.	0 kr.
Nýtt heildardaggjald Sérhæfð dagdvöl með virkni og eða sveigjanleika	Ríkisgreiðsla	Hluti einstaklings	Hlutur sveitarfélaga
14.849 kr.	13.230 kr. ⁵	1.619 kr.	0 kr.
14.849 kr.	10.116 kr.	1.619 kr.	3.114 kr. ⁶
14.849 kr.	9.290 kr. ⁷	2.445 kr. ⁸	3.114 kr.

³ <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/velferdarraduneyti/nr/24349>

⁴ Miðað við gjaldskrá 1.jan 2025 frá SÍ.

⁵ Ca. 50% hækkun frá almennu daggjaldi.

⁶ 30% af núverandi heildardaggjaldi.

⁷ Hlutur ríkisins vegna almennra daggjalda væri að hækka um ca 6%.

⁸ Ca. 50% hækkun á gjaldi notanda.

3.4 Umsókn, mat og forgangsörðun

Með samræmdum biðlista er betur hægt að fá yfirsýn yfir þörf á helgardvöl þar sem ljóst er að ekki er rekstrarlegur grundvöllur fyrir helgaropnum í öllum dagdvölum. Með því að WHODAS verði á ábyrgð Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála eða embætti landlæknis opnast fyrir möguleika þess að nýta sama matstækið til að fylgjast með breytingum á færni sama einstaklings og auka við þjónustu í samræmi við þær niðurstöður.

Tillaga 15. Tveggja ára tilraunaverkefni verði komið á fót á höfuðborgarsvæðinu þar sem boðið verður upp á helgaropnun á einum stað. Markmiðið er að greina þörf fyrir helgaropnun og hvaða hópar þjónustuþega eru að nýta slíkt úrræði. Þá verði gert ítarlegt kostnaðarmat og tekið mið af því að mögulega myndi önnur þjónusta sem þessir einstaklingar eru að fá á þessum tíma falla niður eða breytast í kjölfarið.

3.5 Nýtt nafn fyrir dagdvalir

Um 830 dagdvalarrými eru á landinu en um 3.000 hjúkrunarrými. Ljóst er að verulega þarf að fjölga dagdvalarrýmum þannig að þar verði um að ræða úrræði sem getur stutt enn betur við búsetu aldraðs einstaklings á heimili sínu. Til þess að úrræðið verði fýsilegur valkostur í huga fagfólks, komandi gesta og aðstandenda er nauðsynlegt að kynna það betur og kynna með nýjum hætti þar sem valdefling, virkni og heilbrigð öldrun komi meðal annars fram.

Tillaga 16. Vinna verði kynningarstarf og fara í vitundarvakningu til að auka þekkingu eldra fólks og aðstandenda þeirra á dagdvöl. Einnig að vinna með rekstraraðilum dagdvala að því hvernig hægt er að gera úrræðið meira aðlaðandi. Hópurinn leggur til að farið verði í nafnasamkeppni þar sem gestir í öllum dagdvölum kjósi á milli þriggja til fjögurra nafna. Þörf er á aðkomu fagaðila til að breyta ímynd þjónustunnar út á við, m.a. með nýju nafni.

4. Fylgiskjal 1

Upplýsingar um dagdvalir – Febrúar 2025 frá SÍ

1. Samningar um þjónustu í dagdvölum fyrir aldraða

Samningar hafa verið gerðir við eftirfarandi aðila um dagdvöl fyrir aldraða:

Samningar hafa verið gerðir við eftirfarandi aðila um dagdvöl fyrir aldraða:

- Sveitarfélagið Árborg
- Heilsuvernd hjúkrunarheimili ehf.
- Ísafjarðarbær
- Fjallabyggð
- Vestmannaeyjabær
- Suðurnesjabær
- MS setrið
- Fríðuhús – dagvistun minnissjúkra
- Vigdísarholt ehf. (Seltjörn)
- Múlabær, dagþjálfun aldraða
- Heilsugæslan Höfða ehf.

Gildistími samninganna er mismunandi. Markmiðið er að veita einstaklingum, sem uppfylla tiltekin skilyrði, einstaklingsmiðaða þjónustu til að viðhalda virkni

2. Heilbrigðisþjónusta í dagdvöl

Þjónustan inniheldur einstaklingsmiðaða hjúkrunarmeðferð og eftirfarandi aðstoð:

- Aðstoð við athafnir daglegs lífs
- Aðstoð við böðun
- Aðstoð við lyfjagjöf
- Andlegur stuðningur
- Eftirlit með næringarástandi
- Fræðsla, ráðgjöf og forvarnir
- Sárameðferð
- Verkjameðferð og stjórn á verkjum

Heilsufarsmælingar

- Almennar þvagrannsóknir með strímlum
- Blóðsykurmælingar
- Mæling lífsmarka

Bráðatilfelli:

Ef einstaklingur þarfnast bráðrar lækniaðstoðar, mun starfsfólk dagdvalar hafa milligöngu um að kalla til vakthafandi lækni eða sjúkrabíl.

3. Þjónustuveitendur dagdvalarþjónustu**Þjónustuveitendur með samninga um almenna dagdvöl:**

- Suðurnesjabær
- Heilsugæslan Höfða ehf.
- Fjallabyggð

Þjónustuveitendur með samninga um sérhæfða dagdvöl:

- MS setrið
- Fríðuhús
- Múlabær

Þjónustuveitendur með samninga um bæði almenna og sérhæfða dagdvöl:

- Sveitarfélagið Árborg
- Heilsuvernd hjúkrunarheimili ehf.
- Ísafjarðarbær
- Vigdísarholt ehf. (Seltjörn)
- Vestmannaeyjabær

Sérhæfð úrræði í boði hjá sumum þjónustuaðilum:

- Árborg, Heilsuvernd hjúkrunarheimili ehf. og Ísafjarðarbær bjóða bæði almenn og sérhæfð rými fyrir einstaklinga með heilabilun.
- Vigdísarholt (Seltjörn) býður almenna dagdvöl, sérhæfða dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun og sérhæfða endurhæfingu.
- Vestmannaeyjabær býður almenn dagdvöl og sérhæfða dagdvöl með endurhæfingu.

4. Gjaldskrá Sjúkratrygginga fyrir dagdvöl (nr. 118/2025)

- Sjúkratryggingar greiða fyrir dagdvöl aldraðra á vegum stofnana sem eru hvorki á föstum fjárlögum né með samning um verð við Sjúkratryggingar.
- 580 dagdvalarrými eru greidd samkvæmt gjaldskrá.
- 33 rekstraraðilar veita þjónustu, sumir með samninga um hjúkrunarrými.

Rekstraraðilar sem færast af gjaldskrá yfir á samninga:

- Múlabær

- Hjúkrunarheimilið Hamrar í Mosfellsbæ, frá 1. mars nk.
 - Hluti af Gott að eldast verkefninu
- Fjarðabyggð – Samningsumboð frá HRN

Tafla 5: Yfirlit yfir dagdvalir

Tegund	Með samning	Án samnings	Samtals
Almenn dagdvöl	3	19	22
Sérhæfð dagdvöl	3	7	10
Almenn og sérhæfð	5	7	12

